

Fundargerð

25. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í A-fundarsal ÍSí miðvikudaginn 1. nóvember 2017.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fríða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ. Guðlaug Baldvinsdóttir og Lóa Björk Hallsdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund klukkan 17:00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 24. fundar staðfest. Staðfest rafrænt valiðs á NM í víðavangshlaupi.

2. Siðareglur og siðamál

Varaformaður gerði grein fyrir vinnu sem hefur átt sér stað sl. mánuði, sbr. fyrri upplýsingar, um siðareglur og siðamál. Rýni og heildarendurskoðun. Umræður um áherslur ÍSí og annarra sérsambanda. Rætt um umboðsmann iðkenda. Lagt fram og dreift til stjórnarmanna til frekari yfirferðar til umræðu á næsta stjórnarfundi og almennrar kynningar á formannafundi svo breytt.

3. Afrekssjóður FRÍ

Stjórn FRÍ fjallar um viðbótarúthlutun 2017. Formanni og framkvæmdastjóra falið að leggja fram tillögu á grunni umræðu fundarins og í samræmi við vinnu við regluverk. Gert er ráð fyrir afgreiðslu tillögunnar á næsta stjórnarfundi. Annað tengt afreksmálum vísað til formannafundar sbr. ákvörðun síðasta stjórnarfundar.

4. Þjóðarleikvangur í Laugardal

Stjórn FRÍ samþykkir eftirfarandi ályktun „*Frjálsíþróttasamband Íslands fagnar allri umræðu um framtíð þjóðarleikvangs fyrir íþróttir í Laugardal. Gleðiefni er að sjá fram á tímabæra aðkomu ríkisvaldsins og um leið Reykjavíkurborgar að þjóðarleikvangi í nokkrum af höfuðíþróttum okkar Íslendinga. Laugardalsvöllur er nú heimavöllur Íslands í frjálsíþróttum, alþjóðlegur keppnisvöllur, sem og í knattspyrnu. Ljóst er að samtal um framtíð þjóðarleikvangs, sem uppfyllir alþjóðlegar keppniskröfur, fyrir frjálsíþróttir í Laugardal þarf að eiga sér stað áður en lengra er haldið um breytingar á Laugardalsvelli. Frjálsíþróttasamband Íslands er alltaf tilbúið í slíkt samtal og skorast ekki undan lausnarmiðuðum viðræðum öllum íþróttum á Íslandi til heilla.“*

5. Formannafundur og uppskeruhátíð

Formaður og framkvæmdastjóri lögðu fram drög að dagskrá Formannafundar og Uppskeruhátíðar. Staðsetning fundarins verður í Laugardal, en verið er að ganga frá bókun á sal í samráði við rekstraraðila á sölum. Dagskrá formannafundar innifelur: Ræðu og leiðarljós formanns FRÍ, Afreksstefnu og afrekssjóð FRÍ, Mótaskrá og verkefni landsliða 2018, Siðareglur FRÍ og 9 mánaða árshlutauppgjör FRÍ.

6. Uppstillingarnefnd

Stjórn FRÍ samþykkir eftirfarandi tillögu formanns að uppstillingarnefnd fyrir ársþing FRÍ vorið 2018. Magnús Jakobsson formaður, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir varaformaður og Hreinn Ólafsson.

7. Unglingamál

Umræða um afreksmál unglunga og verkefnastjórn FRÍ í málefnum unglunga. Umræða um umfangsmikið starf unglunganefndar. Rætt um breiðari aðkomu afreksíþróttastjóra FRÍ til stuðnings nefndinni jafnt sem útfæra þurfi verkefnastjórstöðu þessu tengt og almennt tengt afreks- og fræðslumálum.

8. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi og heimsókn vegna undirbúnings EM 2018 í Berlín. Var gerður góður rómur að upplýsingum sem bárust um undirbúninginn í Þýskalandi og ljóst að nú þegar stefnir í enn eitt stórmótið á sviði frjálsíþróttar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.18:55.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.